

Alþingi  
Erindi nr. P 137/423  
komudagur 25.6.2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (118. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tiltekna ráðstafanir í ríkisfjármálum*

Viðskiptaráð hefur líkt og fleiri kallað ítrekað eftir skýrum línum í ríkisfjármálum á komandi misserum, en töluverður skortur hefur verið á markvissum vinnubrögðum í þeim efnum. Fulltrúar Viðskiptaráðs gera sér grein fyrir að stærð og umfang vandans krefst vandaðra vinnubragða og umtalsverðs tíma til úrlausnar. Engu að síður er tíminn dýrkeyptur, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrirtæki og heimili. Mikilvægi skjótra viðbragða og lengri tíma áætlanagerða af hálfu hins opinbera er hins vegar óvítætt, sér í lagi nú þegar frekari vaxtalækkunar virðast alfarið undir þeim komið. Sá kostnaður sem fylgir frekari töfum er of mikill til að hægt sé að skýla sér á bakvið umfang og flækjustig vandans.

Vandi ríkissjóðs er vissulega risavaxinn og rétt er sem segir í greinargerð frumvarpsins að víðtækar aðgerðir á sviði ríkisfjármála eru nauðsynlegar. Af þeim sökum ber að fagna frumvarpi þessu, þó deildar meiningar séu um innihald þess. Hér verður fjallað um helstu athugasemdir Viðskiptaráðs og verður þar einkum fjallað um tekjuhlíf frumvarpsins, en aðeins tæpt á niðurskurðarhliðinni.

#### **Skortur á langtímastefnumörkun**

Að mati ráðsins skortir töluvert upp á að frumvarp þetta og aðrar aðgerðir stjórnvalda beri með sér stefnumörkun til lengri tíma. Stjórnvöld hafa vissulega málað þá framtíðarsýn sem þau telja ákjósanlega, t.a.m. að útgjöld hins opinbera sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verði í kringum 30% og rekstur ríkissjóðs verði hallalaus innan fárra ára. Án skýrrar stefnumörkunar, sem erfitt er að sjá í frumvarpi, þessu verður sú framtíðarsýn frekar tálsýn. Íslenskt atvinnulíf og heimilin taka á sig enn frekari byrðar, verði frumvarpið að lögum, með hækkun tryggingargjalds (sem er um helmingur tekjuauka þessa frumvarps), tekjuskatts og virðisaukaskatts (sem hækkar svo verðtryggð lán). Með því er tvímælaust sýndur frekari vilji í verki til að stuðla að skjótri endurreisn, sem hlýtur að kalla á viðbrögð af hálfu hins opinbera og þá sérstaklega í formi niðurskurðar opinberra útgjalda.

Skammtímaáherslur og skjótar lausnir, líkt og tekjutilfærslur, munu gera stjórnvöldum erfiðara um vik síðar meir og auka enn frekar á það óöryggi sem hefur hreiðrað um sig í samfélaginu. Viðskiptaráð leggur mikla áherslu á að sú víðtæka áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum, sem vitnað er til í greinargerð frumvarpsins, liggi fyrir sem allra fyrst. Að henni lokinni er mikilvægt að stjórnvöld

og löggjafinn leggi allt kapp á að gera allar nauðsynlegar lagabreytingar henni tengdri strax á næsta löggjafarþingi í viðtæku samráði við heimilin og fyrirtækin í landinu.

### **Tæpast blönduð leið**

Að mati Viðskiptaráðs er lögð of mikil áhersla á hækkun skatta og gjalda en lítil á niðurskurð opinberra útgjalda. Fjárhagsstaða einstaklinga og heimila er nú þegar í molum og ekki á það bætandi með hækkun skatta. Þrátt fyrir góða afkomu hins opinbera síðustu ár hafa útgjöld vaxið með miklum hraða og því ljóst að umtalsvert svigrúm er til hagræðingar í rekstri þess. Um þetta hefur Viðskiptaráð ítrekað fjallað á undanförunum árum.

Minni umsvif hins opinbera myndu einnig draga úr fjárförf þess og skapa mikilvægt athafnarými fyrir einkaaðila. Að lokum er ekki fyrirséð hver áhrif skattahækkana yrðu við þær viðkvæmu aðstæður sem ríkja í efnhagslífinu. Hætt er við að skattahækkningar leiði til enn frekari samdráttar sem myndi þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum. Í ljósi þess er skynsamlegt að forðast skattahækkningar eftir fremsta megni við aðstæður líkt og nú ríkja.

Stjórnvöld eru milli steins og sleggju þegar kemur að óumflýjanlegum niðurskurði útgjalda. Ákvarðanir undanfarna daga líkt og flatur niðurskurður fjárveitinga til Vegagerðarinnar og lágmörkun á kaupum á utanaðkomandi ráðgjafarþjónustu bera hins vegar frekar með sér illa ígrundaða, en vissulega auðveldu, ákvarðanatöku. Að flytja verkefni frá einkaaðilum til ríkisstarfsmanna þarf ekki að leiða til sparnaðar fyrir hið opinbera, heldur getur það þvert á mótí aukið kostnað og dregið úr gæðum þeirrar vinnu sem fram fer í stjórnslunni. Þessar ákvarðanir ganga, að því er virðist, gegn þeim vinnubrögðum sem stjórnarsáttmálinn bar með sér. Þar sagði að áhættumat ætti að vera lagt til grundvallar ákvörðunum um niðurskurð, að árangursmat ætti að nýta við forgangsröðun og að markvissar ákvarðanir um hagræðingu yrðu teknar í stað þess að beita flötum niðurskurði. Að mati ráðsins ættu stjórnvöld að huga nánar að afleiðingum þessara ákvarðana og þá hvort tilteknar framkvæmdir, með tilheyrandi hækkun atvinnustigs og skatttekjum fyrir ríkissjóð, sem og nýting utanaðkomandi sérfræðiþjónustu geti ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt til skemmri og lengri tíma.

### **Viðhorf gagnvart atvinnulífinu**

Einkafyrirtæki og starfsmenn þeirra hafa að mestu tekið á sig byrðar núverandi efnahagsástands, með tilheyrandi hagræðingu, aukinni skatt- og gjaldheimtu og atvinnuleysi. Þessir aðilar eru grundvöllur tekjustreymis hins opinbera og sem slíkir bakbein hinnar efnahagslegu endurreisnar. Af þeim sökum er afar miður það viðhorf sem bersýnilegt er í almennum athugasemdum greinargerðar frumvarpsins. Þar sem segir að fjöldi fyrirtækja, sem hafa dregist niður með falli bankanna, hafi “ánétjast [...] áhættusækinni fjármálastarfsemi og sett ábatasama og heiðbrigða starfsemi að veði fyrir skammtíma gróðavon.”

Órökstuddar og gildishlaðnar fullyrðingar og alhæfingar af þessu tagi sæma ekki störfum löggjafans og eru betur settar annars staðar en í löggjöf. Á fyrstu þremur mánuðum ársins hafa 347 fyrirtæki farið í greiðsluþrot og gert er ráð fyrir að ríflega 3.300 fyrirtæki fari sömu leið á næstu 12 mánuðum, m.v. óbreyttar aðstæður.<sup>1</sup> Færa má fyrir því gild rök að framangreind fullyrðing eigi við um afar lítinn hluta þessara fyrirtækja og þeirra starfsmanna sem þar unnu, en eru nú atvinnulausir. Ekki er úr vegi að rifja upp bága stöðu ríkissjóðs um þessar mundir og velja því upp hvort löggjafinn telji framangreinda fullyrðinga eiga þar við líka?

<sup>1</sup> Samkvæmt tölum Lánstrausts, dags. 7. apríl 2009

Alhæfingar af þessu tagi draga úr kjarki og þori einstaklinga til að láta ermar standa fram úr ermum og halda áfram starfsemi sinnig eða hefja nýja með tilheyrandi atvinnusköpun og tekjum fyrir ríkissjóð – eitthvað sem tæpast má við um þessar mundir.

### **Skattlagning vaxtagreiðslna úr landi**

Í 6. og 7. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem kveður á um skattlagningu vaxtagreiðslna til erlendra aðila, sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi. Er hér um að ræða nær óbreytt ákvæði frá frumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi (366. mál). Efnahags- og skattanefnd ákvað fella það ákvæði brott eftir ítrekaðar athugasemdir Viðskiptaráðs og fjölda annarra aðila, sem færðu gild rök fyrir því að skattlagning sem þessi gæti haft víðtæk áhrif á íslenskt atvinnulíf.<sup>2</sup> Nefndin taldi tilefni til að skoða betur þessi áhrif, eitthvað sem ráðuneytið virðist ekki hafa tekið undir.

Við fyrra frumvarp sama efnis gerði Viðskiptaráð margvíslegar athugasemdir og verða þær reifaðar hér, en að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar ráðsins og minnisblaði henni tengdri sem eru meðfylgjandi.

Í **fyrsta lagi** segir í greinargerð frumvarpsins að skattlagning vaxta sé „nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta“.Ef við lítum einungis til helstu samanburðarlanda okkar, Norðurlandanna, þá innheimtir ekkert þeirra almennt skatt af vaxtagreiðslum til aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu. Ef litið er til Evrópusambandsins þá er þar í gildi tilskipun, vaxta og þóknanatilskipunin nr. 2003/49/EC, sem hefur það beinlínisað markmiði að afnema afdráttarskatta á vaxtagreiðslur milli félaga innan sambandsins. Þessi fullyrðing greinargerðar frumvarpsins virðist því vera úr lausu lofti gripin.

Í **öðru lagi** er það ekki rétt sem segir í greinargerð frumvarpsins að verið sé að skattleggja móttakanda vaxtagreiðslna, þó það sé vissulega tilgangur ákvæðisins. Það verða í raun íslensk fyrirtæki og einstaklingar sem bera afdráttarskattinn af vaxtagreiðslunum. Ástæðan fyrir þessu er sú að lánveitandi leggur upp með að fá visst endurgjald af lánsfjármagninu og ef kostnaður eykst við lánveitingu, t.a.m. vegna afdráttarskatts á vaxtagreiðslur til lánveitenda, þá er þeim kostnaði velt á lántakann. Í skuldabréfum útgefnum á alþjóðlegum fjármálamarkaði og almennum lánasamningum eru t.a.m. stöðluð ákvæði í þessa veru, svonefnd „gross-up“ ákvæði. Þau fela það í sér að ef eigandi skuldabréfsins, þ.e. lánveitandi, þarf að greiða afdráttarskatta af vaxtagreiðslum þá skuldbindur útgefandi bréfsins, þ.e. lántaki, sig til að greiða hærri vexti svo lánveitandi verði jafn settur og ef engum skatti væri haldið eftir. Hærra vaxtaálag leiðir eðli málsins samkvæmt til aukins fjármögnunarkostnaðar hjá lántakanda. Meðfylgjandi er minnisblað þar sem greint er nánar frá þessu.

Í **þriðja lagi** er mikilvægt að leiðrétta ummæli í greinargerð frumvarpsins þar sem segir að í þeim tilfellum þar sem tvísköttunarsamningar eru í gildi þá ætti skattbyrði móttakanda vaxtanna ekki að aukast því þeir eiga „rétt á endurgreiðslu/frádrætti í sínu heimaríki“. Raunin er sú að veruleg hætt er á tvísköttun vaxtatekna þrátt fyrir tvísköttunarsamninga þar sem Ísland innheimtir afdráttarskattinn af brúttó vaxtagreiðslu á meðan heimaríki miðar aftur á móti endurgreiðsluna eða frádráttinn yfirleitt við nettó vaxtatekjur. Vegna þessa getur heildarskattlagning vegna vaxtagreiðslna jafnvel orðið hærri en nettótekjur lánveitandans voru vegna lánsins. Afar ólíklegt er að lánveitendur myndu sætta sig við slíkt.

<sup>2</sup> Þskj. 922-366. mál, <http://www.althingi.is/alttext/136/s/0922.html>

Í fjórða lagi þá er talsverður fjöldi lánveitanda á alþjóðlegum mörkuðum ekki skattskyldir í sínu heimaríki, t.d. erlendir lífeyrissjóðir og ýmsir fjárfestingasjóðir. Vegna þess þá er ekki um að ræða neinar skattgreiðslur þessara aðila í þeirra heimaríki og því enginn skattur í heimaríkinu sem hægt er að nota til að draga greiddan afdráttarskatt hérlendis frá. Afdráttarskatturinn hérlendis er því ófrádráttarbær/óendurgreiðsluhæfur kostnaður fyrir slíka aðila. Af þessum sökum leitast þeir við að veita lán í ríkjum þar sem enginn afdráttarskattur er lagður á vaxtagreiðslur þeim til handa. Ákvæði þetta væri því í raun að fækka þeim aðilum sem tilbúnir væru að fjármagna íslensk fyrirtæki og ekki eru þeir margir fyrir um þessar mundir.

Þrátt fyrir öll þessi álitamál og þrátt fyrir afstöðu efnahags- og skattanefndar þá hefur ákvæðið einungis tekið smávægilegum breytingum og það eftir „rækilega“ skoðun ráðuneytisins líkt og fjármálaráðherra fjallaði um í þingsal fyrir helgi. Sú breyting er hins vegar minniháttar og í reynd án tilgangs, en hún felur í sér að skattlagningin gildi ekki „í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tvísköttunarsamning milli Íslands og heimilisfestisríkis móttakanda vaxtanna þar sem kveðið er á um að ekki skuli draga afdráttarskatt af vaxtatekjum.“ Taldi ráðherra að þessi „einfaldaða útgáfa ætti að vera án teljandi vandkvæða.“

Undir þetta álit ráðherra getur Viðskiptaráð ekki tekið. Þessi viðbót breytir í reynd afar litlu hvað endanlega skattlagningu þessara greiðslna varðar því þar segir einungis að ríkið ætli sér að virða þegar gerðar tvísköttunarsamninga. Það liggur í hlutarins eðli að ríkið hefði ekki getað skattlagt vaxtagreiðslur til erlendra aðila þegar gildandi tvísköttunarsamninga kveða sérstaklega á um að það sé óheimilt. Með því væri ríkið að ganga gegn þjóðréttarlegri skuldbindingu sinni, eitthvað sem móttakandi vaxtanna og viðkomandi samningsríki myndu seint sætta sig við. Þá skýtur jafnramt skökku við að ekki sé minnst á þessa breytingu og áhrif hennar í greinargerð frumvarpsins, hvorki í almennum athugasemdum né athugasemdum við ákvæðið sjálft. Er það sérstaklega einkennilegt í ljósi þess að þessi breyting er tilkomin vegna „rækilegrar“ skoðunar og á að vera án „teljandi vandkvæða“.

Óþarfi er að fjölyrða um slæmar afleiðingar þessa ákvæðis fyrir íslenskt atvinnulíf, verði frumvarpið að lögum þá mun aðgengi innlendra fyrirtækja að fjármagni á erlendum fjármagnsmörkuðum versna og það litla fjármagn sem stæði til boða yrði dýrara. Íslenskt atvinnulíf þarf nú, sem aldrei fyrr, á virku aðgengi að erlendu lánsfjármagni á viðunandi kjörum að halda og mun það skipta sköpum fyrir endurreisn þess. Ef markmiðið er að loka fyrir skattaundanskot, líkt og rætt er í athugasemdum frumvarpsins, er rétt að benda nefndinni á að íslensk skattayfirvöld hafa nú þegar heimildir til þess að líta framhjá viðskiptum sem fela í sér skattasniðgöngu.

Í ljósi þess að áhrif þessarar skattlagningar á tekjur ríkissjóðs eru talin óveruleg, skv. umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, er í besta falli ekki ljóst af hverju þetta mál ætti að tilheyra bráðabirgðaráðstöfunum í ríkisfjármálum. Að lokum er vert að gagnrýna vinnubrögð löggjafans, hvað þetta ákvæði varðar. Þeir aðilar sem komu fyrir efnahags- og skattanefnd þegar fyrra ákvæði sama efnis var til umræðna, líkt og orkufyrirtækin sem lögðu þar fram skýr gögn um áhrif þess á lánskjör og aðgengi þeirra að fjármagni, voru ekki beðnir að skila umsögn um frumvarp þetta. Í ljósi rökstuddrar andstöðu þessara aðila við fyrra ákvæði sama efnis hefði efnahags- og skattanefnd átt að leggja sig sérstaklega fram við að hafa samráð við þá.

#### **Hátekjuskattur og hækkun fjármagnstekjuskatts**

Samkvæmt bráðarbirgðarákvæðum frumvarpsins er ætlunin að hækka fjármagnstekjuskatt úr 10% í 15% og jafnframt að leggja 8% hátekjuskatt á tekjustofna einstaklings umfram 4,2 mkr. á ári fram til áramóta. Samkvæmt athugsemdum frumvarpsins er tekjuauki ríkissjóðs áætlaður 6 ma. kr. á ársgrundvelli, en eins og fjallað hefur verið um þá er töluvert hætt við að skattahækkunar leiði til enn frekari samdráttar sem myndi þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum. Að sama skapi er ljóst að þeir einstaklingar sem helst koma til með að greiða hátekjuskatt eru starfsmenn sem skila fyrirtæki sínu eða atvinnuveitanda miklum verðmætum. Sé vegið of harkalega að starfskjörum slíkra einstaklinga er hætt við að þeir leiti á önnur mið. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er nú þegar veik og þau mega illa við að standa enn frekar halloka í alþjóðlegri baráttu um sérfræðinga og hámenntað starfsfólk. Miðað við þá tekjulegu hagsmuni sem eru í húfi fyrir hið opinbera er slíkur skattur því ekki líklegur til að skila langtímaábata fyrir hagkerfið.

Að auki er einkennilegt að hátekjuskatturinn leggst einungis á tekjur einstaklinga en ekki er tekið tillit til sambúðarfólks, líkt og almennt er gert nú. Slíkt fyrirkomulag tryggir meira réttlæti við skattlagningu og kemur í veg fyrir tekjudreifingu, t.d. þegar hjón vinna í fyrirtæki sem þau eiga saman eða hafa annars þau tók að ráða launum sínum sjálf.

Breyting á fjármagnstekjuskatti geta kallað á ýmis álitamál. Fyrir það fyrsta er hætt við að dregið sé úr sparnaði. Í öðru lagi orsakar það mismunum gagnvart öðrum tekjum og í þriðja lagi raskar hækkunin því jafnvægi sem ríkt hefur varðandi skattlagningu hinna einstöku félagaforma. Hvað hið síðastnefnda varðar þá hækkar heildarskattur af hlutafélagahagnaði úr 23,5% í 27,75% á meðan eigendur sameignarfélaga greiða 23,5% heildarskatt af hagnaði sínum.

Breytingar á fjármagns- og hátekjuskatti skv. frumvarpi þessu eru vissulega aðeins tímabundnar, en stjórnvöld verða að huga að framangreindu við frekari áætlanagerð sína.

#### **Breyting á fyrirkomulagi virðisaukaskatts**

Óþarfi er að fjölyrða um áhrif þessara breytinga á vísitölu neysluverðs og þar með verðtryggð lán heimilanna og fyrirtækja, en aldrei er góð vísa of oft kveðin. Eins og ítrekað hefur verið fjallað um þá hefur efnahagsreikningar íslenskra heimila orðið fyrir miklu hnjaski og því er eiginfjárstaðan í mörgum tilfellum neikvæð, oft sem miklu nemur. Allar aðgerðir hins opinbera sem auka á þennan vanda eru því varhugaverðar og stjórnvöldum ber skylda til að leita allra annarra leiða. Að sama skapi eru ýmis atriði í tengslum við þessar breytingar sem auka á flækjustig í skattheimtu og önnur álitamál er vísast þar til umræðna á fundi nefndarinnar á mánudaginn síðasta og til umsagnar FÍS og SI.

#### **Valdheimildir RSK auknar**

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að skatteftirlit sé skilvirkt og að RSK hafi yfir valdheimildum að ráða til að taka á þeim sem sannarlega sinna ekki lögbundinni skyldu sinni til greiðslu opinberra gjalda. Að mati ráðsins eiga valdheimildir opinberra stofnanna hérlandis, líkt og löggjöf almennt, að vera í takt við það sem gerist annars staðar. Undirritaður hefur því miður ekki náð að bera saman valdheimildir RSK skv. frumvarpi þessu við það sem gerist erlendis, en það er eitthvað sem ráðuneytið hefði átt að skrifa inn í greinargerð frumvarpsins.

Fljótt á litið virðast breytingar frumvarpsins (8. - 10. gr.) hins vegar bera með sér að verið sé að kasta ansi stóru neti til að ná litlum aflu. Valdheimildir RSK eru auknar umtalsvert og litlir varnaglar eru til staðar þegar um er að ræða markatilvik, þ.e. þegar ágreiningur er uppi milli RSK og viðkomandi aðila. Slíkur ágreiningur getur vissulega verið réttlætanlegur og tryggja verður að RSK

beiti ekki heimildum, sem ætlað gilda um tómlæti eða ásetning aðila til að virða óskir RSK að engu, að fullri hörku gegn öllum öðrum.


Hér þarf að skoða sérstaklega breytingar á nógildandi 96. gr. tekjuskattslaga sem hefur að geyma samskiptareglur skattfyrivalda og skattaðila þegar framtal, bókhald og reikningsskil eru véfengd. Þessar samskipta, eða málsmeðferðarreglur, hafa mótast um árabíl og eru að fullu í samræmi við stjórnarsýslulög, sem hafa að geyma lágmarksreglur um rekstur stjórnarsýslumála. Að mati ráðsins þurfa ríkar ástæður að vera fyrir hendi til að víkja frá þessum lögbundnu lágmarksreglum um góða stjórnarsýsluhætti. Hvað það varðar er fyrirvari ákvæðisins um að ríkir hagsmunir þurfi að vera til staðar til bóta.

Að auki er síðari málsgrein 9. gr. að mörgu leyti óljós, en hún heimilar RSK að leggja á álagningu strax í stað þess að bíða endanlegrar rannsóknar skattrannsóknarstjóra. Líkt og um 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að þetta sé undantekningarregla, sem er af hinu góða. Það er hins vegar óljóst hvernig fer með endurupptöku álagningar ef rannsókn leiðir í ljós að RSK hafi of- eða vanáætlað. Takmarkast þessi réttur við skattaðila eða hefur RSK slíka heimild og er hætt við að rannsókn dragist í langinn fyrst skattaðili hefur þegar greitt líkt og um brot hafi verið að ræða? Þetta ferli getur tekið talsverðan tíma og verið afar kostnaðarsamt. Er þessi breyting mögulega að einhverjum hluta til komin til að draga úr nauðsyn RSK að fara rannsóknarleiðina til að ákvarða endanlega álagningu og færa þannig umstang og kostnað henni tengdri yfir á einstaklinga og fyrirtæki?

Varðandi dagsektarákvæði frumvarpsins (8. gr.) þá er athygli nefndarmanna vakin á því að með lögum 42/2009 var bankastofnunum gert skylt að láta skattfyrvöldum í té margvíslegar upplýsingar. Rík ástæða er til að hinkra um stund og sjá hvort ekki sé hægt að ná þeim upplýsingum sem þarf með þeim hætti áður en farið er að leggja dagsektir á einstaklinga og fyrirtæki.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

## Þingmál 366 – frumvarp til breytinga á tsl.

---

Vegna ofangreinds þingmáls þar sem m.a. er kveðið á um skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi vill Viðskiptaráð Íslands benda efnahags- og skattanefnd á eftirfarandi atriði:

1. Í umsögn VÍ kom fram að í hefðbundnum lánasamningum milli ríkja væru ákvæði þess efnis að ef afdráttarskattur yrði lagður á vaxtagreiðslur þá myndu vaxtakjör hækka, er hér eitt dæmi þess:

### Taxes

All payments to be made by the Borrower under this Agreement shall be made in EUR to the Lender as directed by the Lender and shall be made without set-off or counterclaim or any deductions for, and free and clear of any Taxes. In the event that the Borrower is required by law or regulation to deduct or withhold any such Taxes the sums to be paid shall be increased by such amounts as shall be necessary to ensure that the amount received by the Lender after such deduction or withholding, is equal to the amount which would have been received under this Agreement had no such deduction or withholding been required.

3. Þetta samningsákvæði er fyllilega í samræmi við það sem fjallað er um í tvísköttunarmódeli OECD og nefnt var í umsögn VÍ, en þar segir á bls. 165:

*“In certain cases, the approach adopted in paragraph 2, which is to allow source taxation of payments of interest, can constitute an obstacle to international trade or may be considered inappropriate for other reasons. For instance, when the beneficiary of the interest has borrowed in order to finance the operation which earns the interest, the profit realised by way of interest will be much smaller than the nominal amount of interest received; if the interest paid is equal to or exceeds the interest received, there will be either no profit at all or even a loss. The problem, in that case, cannot be solved by the State of residence, since little or no tax will be levied in that State where the beneficiary is taxed on the net profit derived from the transaction. That problem arises because the tax in the State of source is typically levied on the gross amount of the interest regardless of expenses incurred in order to earn such interest. In order to avoid that problem, creditors will, in practice, tend to shift to the debtor the burden of the tax levied by the State of source on the interest and therefore increase the rate of interest charged to the debtor, whose financial burden is then increased by an amount corresponding to the tax payable to the State of source.”*

2. Í umsögn VÍ var lögð áhersla á að innan ESB væri lögð áhersla á afnám skattlagningar á vaxtagreiðslur milli ríkja, en um það segir m.a. í aðfararorðum tilskipunar ESB (2003/49/EC):


***“(1) In a Single Market having the characteristics of a domestic market, transactions between companies of different Member States should not be subject to less favourable tax conditions than those applicable to the same transactions carried out between companies of the same Member State.***

***(2) This requirement is not currently met as regards interest and royalty payments; national tax laws coupled, where applicable, with bilateral or multilateral agreements may not always ensure that double taxation is eliminated, and their application often entails burdensome administrative formalities and cash-flow problems for the companies concerned.***

***(4) The abolition of taxation on interest and royalty payments in the Member State where they arise, whether collected by deduction at source or by assessment, is the most appropriate means of eliminating the aforementioned formalities and problems and of ensuring the equality of tax treatment as between national and crossborder transactions; it is particularly necessary to abolish such taxes in respect of such payments made between associated companies of different Member States as well as between permanent establishments of such companies.”***

Ef frumvarp þetta verður að lögum eru nokkur atriði næsta vís: Í fyrsta lagi munu innlendir aðilar í reynd bera þann skatt sem frumvarpið hyggst leggja á móttakanda vaxtagreiðslunar; Í öðru lagi mun skattlagningin að öllum líkindum hindra viðskipti milli Íslands og helstu viðskiptalanda (sbr. OECD) þar sem erlendir fjárfestar munu veigra sér við að fjárfesta hér á landi og þar sem það litla fjármagn sem í boði er verður dýrara og í þriðja lagi þá verður hér við líði skattlagning sem þekkist ekki innan innri markaðar Evrópu (sbr. framangreind tilskipun).

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum (366. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í margvíslegar breytingar á ofangreindum lögum.*

Meginhlutverk Viðskiptaráðs Íslands er að berjast fyrir bættri samkeppnishæfni íslensks viðskiptalífs, en stór áhrifaþáttur í þeim efnum er einmitt skattkerfið. Af þeim sökum hefur ráðið í gegnum árin lagt á það ríka áherslu að skattkerfið verði gert gagnsærra, einfaldara og skilvirkara enda væri það þjóðfélaginu öllu hvatning til aukinnar framleiðni. Flatt skattkerfi, afnám allra skatta sem fela í sér tvísköttun og afnám lágmarksútsvars sveitarfélaga eru á meðal þeirra tillagna sem ráðið hefur lagt fram á undanförunum árum. Margar af þeim tillögum eiga ef til vil ekki uppá pallborð ráðamanna um þessar mundir enda fjármögnunarpörf ríkissins næstu tvö árin slík að þeir hafa jafnvel talað um varanlega skattahækkun. Það hefur hins vegar marg sannað sig að bætt skattkerfi kallar á auknar skatttekjur – sem er öllum til hagsbóta – og því er það skylda ráðamanna að huga að slíku við þessar aðstæður í stað þessa að ráðast með óðagoti í aðgerðir sem fela í sér auknar álögur á íslensk fyrirtæki og heimili. Skattahækkunarir eru ekki rétt leið úr núverandi vanda. Fyrst verður að huga að aðhaldi í ríkisfjármálum og niðurskurði, sérstaklega í ljósi þenslu undanfarinna ára.

Það ætti því ekki að koma á óvart að Viðskiptaráð gerir talsverðar athugasemdir við frumvarp þetta. Er það ekki vegna þess að ráðið styður skattaundanskot eða vill gera skattyfirvöldum erfiðara um vik með að sinna eftirlitsskyldu sinni. Ástæða afstöðu ráðsins byggir á því að frumvarp þetta mun hafa skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, sem þegar er vond efnahagsumhverfisins, með því að takmarka aðgengi þeirra að erlendu fjármagni og gera það litla fjármagn sem í boði er mun dýrara.

#### **1. gr. Afdráttarskattur af vaxtagreiðslum til erlendra aðila**

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að aðilar sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi skuli greiða skatta af þeim vaxtatekjum sem þeir fá greiddar hér á landi. Við ákvæðið gerir Viðskiptaráð nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi er vert að leiðrétta greinargerð frumvarpsins þar sem segir að skattlagning vaxta sé „nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta“. Ef við lítum einungis til helstu samانبurðarlanda okkar, Norðurlandanna, þá innheimtir ekkert þeirra almennt skatt af vaxtagreiðslum til aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu. Ef litið er til Evrópusambandsins þá er þar í gildi tilskipun, vaxta og þóknanatilskipunin nr. 2003/49/EC, sem hefur það beinlínis

að markmiði að afnema afdráttarskatta á vaxtagreiðslur milli félaga innan sambandsins. Þessi fullyrðing greinargerðar frumvarpsins virðist því vera úr lausu lofti gripin.

Í **öðru lagi** er það ekki rétt sem segir í greinargerð frumvarpsins að verið sé að skattleggja móttakanda vaxtagreiðslna, þó það sé vissulega tilgangur ákvæðisins. Það verða í raun íslensk fyrirtæki og einstaklingar sem bera afdráttarskattinn af vaxtagreiðslunum. Ástæðan fyrir þessu er sú að lánveitandi leggur upp með að fá vissu endurgjald af lánsfjármagninu og ef kostnaður eykst við lánveitingu, t.a.m. vegna afdráttarskatts á vaxtagreiðslur til lánveitenda, þá er þeim kostnaði velt á lántakann.

Í skuldabréfum útgefnum á alþjóðlegum fjármálamarkaði og almennum lánasamningum eru t.a.m. stöðluð ákvæði í þessa veru, svonefnd „gross-up“ ákvæði. Þau fela það í sér að ef eigandi skuldabréfisins, þ.e. lánveitandi, þarf að greiða afdráttarskatta af vaxtagreiðslum þá skuldbindur útgefandi bréfisins, þ.e. lántaki, sig til að greiða hærri vexti svo lánveitandi verði jafn settur og ef engum skatti væri haldið eftir. Hærra vaxtaálag leiðir eðli málsins samkvæmt til aukins fjármögnunarkostnaðar hjá lántakanda. Það er því íslenskt atvinnulíf sem á eftir að bera kostnaðinn við afdráttarskattinn sem ákvæði þetta leggur til að lagður verði á. Ekki þarf að fjölyrða um bagalegar afleiðingar þess, sérstaklega í ljósi núverandi efnahagsástands þar sem erlent fjármagn er af skorum skammti og fjármögnunarkostnaður nú þegar að sliga skuldsett innlend félög. Um þessar afleiðingar afdráttarskattlagningar á vaxtagreiðslur úr landi er fjallað með greinargóðum hætti í 7.1.-7.7 mgr. 11. gr. í greinargerð tvísköttunarmódelis OECD (bls. 165).

Ætla má að þetta hafi haft áhrif þegar ákveðið var að undanþiggja vaxtagreiðslur frá Seðlabanka Íslands og vaxtagreiðslur til erlendra ríkja og alþjóðastofnana, enda væri það ótækt að hækka fjármögnunarkostnað Seðlabankans og ríkissjóðs við þessar aðstæður. Það sama gildir um íslensk fyrirtæki og einstaklinga.

Í **þriðja lagi** er mikilvægt að leiðrétta ummæli í greinargerð frumvarpsins þar sem segir að í þeim tilfellum þar sem tvísköttunarsamningar eru í gildi þá ætti skattbyrði móttakanda vaxtanna ekki að aukast því þeir eiga „rétt á endurgreiðslu/frádrætti í sínu heimaríki“. Raunin er sú að veruleg hætt er á tvísköttun vaxtatekna þrátt fyrir tvísköttunarsamninga þar sem Ísland innheimtir afdráttarskattinn af brúttó vaxtagreiðslu á meðan heimaríki miðar aftur á móti endurgreiðsluna eða frádráttinn yfirleitt við nettó vaxtatekjur. Vegna þessa getur heildarskattlagning vegna vaxtagreiðslna jafnvel orðið hærri en nettótekjur lánveitandans voru vegna lánsins. Afar ólíklegt er að lánveitendur myndu sætta sig við slíkt.

Að auki eru ýmis vankantar á endurgreiðslurétt/fráttarheimildum sem móttakendur vaxtagreiðslna geta nýtt sér. Einn þeirra er í tengslum við fjárstreymi lánveitandans, en endurgreiðslan og frádrátturinn eiga sér yfirleitt stað mun síðar en afdráttarskatturinn er greiddur. Þar sem peningar mótteknir í dag eru meira virði en þeir sem mótteknir eru á síðar þá er vaxtaálag yfirleitt aukið til að mæta þeim kostnaði.

Í **fjórða lagi** þá er talsverður fjöldi lánveitanda á alþjóðlegum mörkuðum ekki skattskyldir í sínu heimaríki, t.d. erlendir lífeyrissjóðir og ýmsir fjárfestingasjóðir. Vegna þess þá er ekki um að ræða neinar skattgreiðslur þessara aðila í þeirra heimaríki og því enginn skattur í heimaríkinu sem hægt er að nota til að draga greiddan afdráttarskatt hérlendis frá. Afdráttarskatturinn hérlendis er því ófrádráttarbær/óendurgreiðsluhæfur kostnaður fyrir slíka aðila. Af þessum

sökum leitast þeir við að veita lán í ríkjum þar sem enginn afdráttarskattur er lagður á vaxtagreiðslur þeim til handa. Ákvæði þetta væri því í raun að fækka þeim aðilum sem tilbúnir væru að fjármagna íslensk fyrirtæki og ekki eru þeir margir fyrir um þessar mundir.

Óþarfi er að fjölyrða um slæmar afleiðingar þessa ákvæðis fyrir íslenskt atvinnulíf, verði frumvarpið að lögum þá mun aðgengi innlendra fyrirtækja að fjármagni á erlendum fjármagnsmörkuðum versna og það litla fjármagn sem stæði til boða yrði dýrara. Íslenskt atvinnulíf þarf nú, sem aldrei fyrr, á virku aðgengi að erlendu lánsfjármagni á viðunandi kjörum að halda og mun það skipta sköpum fyrir endurreisn þess. M.v. áherslur ríkisstjórnarinnar á endurreisn íslensks atvinnulífs til að bæta atvinnustig þá skýtur þetta frumvarp skökku við. Er þetta sérstaklega bagalegt í ljósi þess að áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs eru talin óveruleg, skv. umsógn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Frumvarpið hefur því neikvæð áhrif á íslenskt viðskiptalíf, algerlega til einskis.

Ef markmiðið var að loka fyrir skattaundanskot, líkt og rætt er í athugasemdum frumvarpsins, er rétt að benda nefndinni á að íslensk skattayfirvöld hafa nú þegar heimildir til þess að líta framhjá viðskiptum sem fela í sér skattasniðgöngu.

*Viðskiptaráð leggur til að 1. gr. frumvarpsins verði felld brott.*

## **2. gr. Eftirgjöf skulda**

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að eftirgjöf skulda við nauðasamninga um greiðsluaðlögun myndi ekki skattskyldar tekjur hjá þeim sem eftirgjöfina hlýtur. Er þetta til bóta enda með öllu óeðlilegt að einstaklingar sem standa uppi eignalausir þurfi að bera þungar skattbyrðir.

Þrátt fyrir það gerir Viðskiptaráð athugasemd við ákvæði, einkum ummæli í greinargerð þess þar sem segir að núgildandi 3. tl. 28. gr. tsl. beri að skýra í samræmi við orðanna hljóðan. Þetta er ekki í samræmi við skattframkvæmd undanfarinna ára þar sem niðurfelling afskriftarnefnda fjármálafyrirtækja, þ.m.t. opinberra, hafa ekki verið taldar til skattskyldra tekna. Samkvæmt eldra orðalagi þessa töluliðs taldist eftirgefin skuld ekki til tekna þegar sannaðist á „annan fullnægjandi hátt“ en við gjaldþrot eða nauðasamninga að eignir voru ekki til fyrir. Er það einmitt staðan þegar afskriftarnefndir fjármálafyrirtækja fella niður skuldir viðskiptavina en það er ekki gert nema að undangengnu ítarlegu mati á raunverulegri greiðslugetu skuldara. Er því ekki um niðurfellingu að ræða þar sem raunveruleg greiðslugeta er ekki til staðar og er staðan þannig hliðstæð því sem gerist í nauðasamningum.

Með því að breyta ákvæðinu, líkt og Viðskiptaráð leggur til, er verið að tryggja að fleiri aðilar sem fá eftirgjöf skulda sitji ekki eftir með umtalsverða skattbyrði. Verði ákvæðinu ekki breytt er í raun verið að knýja einstaklinga í greiðsluaðlögun, sem engin þörf er á.

*Viðskiptaráð leggur til að orðalag ákvæðisins verði breytt þannig að eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga, nauðasamninga um greiðsluaðlögun eða á annan fullnægjandi hátt að eignir voru ekki til fyrir, t.a.m. við eftirgjöf afskriftarnefnda fjármálafyrirtækja á hreinum skuldum viðskiptavina, teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi.*

#### **4. gr. Skattlagning hérlendis vegna íslensks eignarhalds á félögum á lágskattasvæðum (CFC)**

Í 4. gr. frumvarpsins felst innleiðing á CFC löggjöf (Controlled Foreign Corporation tax) í íslenska skattalöggjöf. Ýmis afbrigði af slíkri löggjöf í flestum samanburðarlöndum okkar en svo virðist sem fyrirmynd þessa ákvæðis séu norsku CFC reglurnar.

Að mati Viðskiptaráðs var afar misráðið að sækja fyrirmyndina til Noregs þar sem CFC reglur þar í landi hafa lengi vel verið mjög slakar og leitt til margvíslegra vandamála, verður nú fjallað um þau helstu þar sem ganga má út frá því að þau hin sömu munu brátt koma upp hérlendis.

Í **fyrsta lagi** hafa norsku CFC reglurnar verið taldar of víðtækar og óskýrar. Það hefur leitt til þess að norskum félögum hefur reynst erfitt að meta hvort fjárfestingar þeirra falli undir CFC reglurnar eða ekki. Þeim er því gert erfiðara með að stunda viðskipti yfir landamæri. Óskilvirkar skattareglur skapa kostnað bæði fyrir fyrirtækin sjálf en ekki síst vegna aukinnar umsýslu skattfyrivalda, þær ber því að varast.

Í **öðru lagi** hefur skilgreining á lágskattalandi verið vandamál í norsku reglunum. Ákvæði þeirra eru afar ófyrirsjáanleg vegna óskýrleika og eru þau því háð mati skattfyrivalda hverju sinni, sérstaklega þar sem horft er til raunskattlagningar (líkt og gert er í íslenska ákvæðinu). Í sumum tilfellum taka reglurnar jafnvel yfir tilvik sem ættu ekki að falla undir þær samkvæmt markmiðum þeirra, t.a.m. fjárfestingar í þróunarlöndum sem veita erlendum fjárfestum ákveðnar skattaávilnanir og í ríkjum innan EES sem veita ívilnanir sem ekki ganga gegn ríkisstyrkjareglum ESB. Félög í þessum ríkjum gætu, skv. íslenska ákvæðinu, verið talin CFC félög og því skattlögð á Íslandi. Ákvæðið skerðir því samkeppnishæfni íslenskra aðila því verið er að setja íslenskar skattareglur og skatthlutföll fyrir fjárfestingar þeirra í erlendum félögum sem þessum á meðan fjárfestar frá öðrum löndum falla einungis undir skattalöggjöf meints CFC félags.

*Viðskiptaráð leggur til að gerður verði listi yfir ríki og félagagöform sem teljast falla undir CFC reglurnar og að þar sé kveðið á um að félög stofnuð í ríkjum sem hafa undirritað tvísköttunarsamning við Ísland falli ekki þar undir.*

Í **þriðja lagi** er viðmið ákvæðisins er varðar beitingu CFC reglnanna háð verulegum annmörkum, en samkvæmt því eiga CFC reglurnar við um innlenda aðila ef sameiginlegt eignarhald þeirra í félaginu í lágskattaríkinu fer yfir 50% eða ef þeir fara með stjórnunarleg yfirráð einhvern tímann innan tekjuársins.

Fyrir það fyrsta felur ákvæðið í sér talsverða óvissu fyrir íslenska aðila hvort CFC reglurnar eigi við um fjárfestingu þeirra eður ei enda alls óvíst að íslenskur aðilarnir viti yfir höfuð af hverjum öðrum, t.a.m. ef þeir hafa fjárfest í erlendum sjóði. Í annan stað er talsverð hættu á því að ákvæðið muni hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir litla fjárfesta. Þannig getur íslenskur aðili sem á 2% hlut í félagi á lágskattasvæði í tvo mánuði þurft að greiða skatt af tekjum þess félags ef tveir aðrir íslenskir aðilar eignast einhvern tímann (t.d. annar í janúar og hinn í desember) á tekjuárinu 51% í félaginu. Ólíklegt er að ákvæðið sé sett til að ná fram slíkri niðurstöðu.

*Viðskiptaráð leggur til að CFC reglurnar verði láttnar gilda þegar aðilar fara með eignarhald eða stjórnunarleg yfirráð í félögum í lágskattalöndum yfir ákveðnu lágmarkshlutfalli, t.a.m. 10%.*

Í fjórða lagi er gerð athugasemd við að íslenskur aðili sem á í CFC félagi eigi að greiða tekjuskatt af hagnaði félagsins líkt og um starfsemi sé að ræða hér á landi, þ.e. atvinnurekstrartekjur. Er kveðið á um þetta í greinargerð frumvarpsins. Að mati Viðskiptaráðs er ekki rétt að túlka ákvæðið svo afdráttarlaust þar sem slíkt kemur t.a.m. niður á einstaklingi sem á hlut í eignasafni erlendis. Tekjur hans af þeim eignarhlut, ef þær yrðu taldar sambærilegar hérlendis, væru væntanlega skattlagðar sem fjármagnstekjur þ.e..10%.

Í fimmta lagi er gerð athugasemd við umfjöllun í greinargerð með 5. mgr. ákvæðisins þar sem segir að „hafi hluti hagnaðar hins erlenda aðila verið skattlagður hér á landi hjá millilið“ skuli taka tillit til þess. Að mati ráðsins eru líkur til þess að framkvæmd sem þessi, þar sem erlendum milliliðum er mismunað á þann hátt að þeir sæta skattlagningu í sínu ríki án tillits hérlendis, yrði talin brot á þeim skuldbindingum sem leiða af EES samningnum.

Í sjötta og síðasta lagi telur Viðskiptaráð að ákvæði þetta standist ekki þær kröfur sem Evrópudómstóllinn (ECJ) hefur mótað í dómaframkvæmd sinni sem skilyrði fyrir heimild ríkja til að beita CFC reglum. eru þessi skilyrði eftirfarandi:

- Að CFC reglur verði að vera þannig úr garði gerðar að þeim sé eingöngu ætlað að taka á sýndargerningum.
- Að CFC reglur hafi takmarkað gildissvið og hafi jafnframt að geyma undanþágur þar sem reglunum verður ekki beitt.
- Að CFC reglur verði að veita skattaðilum tækifæri til að sýna fram á að viðskiptin við meint CFC félag fari fram í góðri trú og byggist þannig ekki á skattasniðgöngusjónarmiðum.

Af þessum athugasemdum Viðskiptaráðs er ljóst að ákvæði þetta er háð talsverðum annmörkum sem virkileg þörf er að gera bragarbót á. Af þeim sökum telur Viðskiptaráð að rétt væri að fella ákvæðið brott og að ráðuneytið leggi í frekari vinnu við útfærslu þess. Mikilvægt er að sú vinna leiði til reglna sem eru fyllilega sambærilegar því sem best gerist á EES svæðinu. Bretar töldu að endurskoðun á CFC reglum þar í landi tæki tvö ár, engin ástæða er til að ætla að það taki styttri tíma hér.

Er hér minnt á að ráðuneytið hefur áður, í vefriti sínu, bent á ýmsa erfiðleika tengda CFC löggjöf og mikilvægi þess að gætt sé meðalhöfs við setningu þeirra svo tryggt sé að þær nái því markmiði sínu að taka til raunverulegra sýndargerninga í skattalegu tilliti. Án þess er hætt við að reglurnar bitni á innlendum aðilum og erlendum fyrirtækjum í innlendri eigu sem rekin eru á heilbrigðum og eðlilegum viðskiptagrundvelli.

*Viðskiptaráð leggur til að 3. gr. frumvarpsins verði felld brott.*

#### **5. og 6.gr. Upplýsingagjöf til skattfyrvalda**

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er að finna víðtækar upplýsingaskyldur á fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðra aðila. Viðskiptaráð hyggur að það þurfi ekki að minna nefndina á að vel flestir þessara aðila eru bundnir trúnaðarskyldu gagnvart sínum viðskiptavinum og er sú skylda grundvöllur þeirra viðskipta, þar sem traust skiptir öllu enda í mörgum tilfellum um afar viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða.

Að mati ráðsins er í 5. gr. verið að víkka út upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja vel umfram það sem skattfyrvöld hafa eðlilega eftirlitshagsmuni af. Eins og löggjöfin er í dag, sem stutt er

dómaframkvæmdum, þá eiga þagnarskylduákvæði almennt ekki að takmarka eðlilegar heimildir eftirlitsaðila til að sinna lögbundnum eftirlitsskyldum sínum. Vegna þessa þurfa sterk rök og skýr fordæmi að vera fyrir víðtækari upplýsingaskyldu en ríkir nú þegar. Algjör skortur er á samanburði við löggjöf nágrannaríkja okkar í greinargerð frumvarpsins. Viðskiptaráð hefur ávallt lagst gegn séríslenskum reglum og er ekki gerð undantekning hér á. Ef við skerum okkur úr á þessu sviði er hætt við að það hafi áhrif til útflæðis á fjármagni úr hagkerfinu, hvatinn til fjármagnsflóttu er nú þegar ríkur vegna töluverðs skorts á trúverðugleika hagkerfisins.

Að auki er gerð athugasemd við a. lið 6. gr. þar sem innlend móðurfélög eru gerð ábyrg fyrir að veita upplýsingar um viðskipti sem aðilar skattskyldir á Íslandi hafi átt við dótturfélög og útibú þeirra. Að mati ráðsins felur þetta ákvæði í sér talsverðar brotalamir. Í fyrsta lagi þá getur upplýsingagjöf af þessu tagi falið í sér brot á löggjöf þess ríkis þar sem dótturfélagið er heimilsfast. Í annað stað er því hafnað að þetta fyrirkomulag „gerist víða erlendis“, líkt og haldið er fram í greinargerð frumvarpsins. Ekki er vísað í nein fordæmi í greinargerðinni því til stuðnings og ráðið kallaði eftir álitu helstu sérfræðinga héraðs og enginn þeirra kannaðist við álíka ákvæði í löggjöf annarra ríkja. Séríslenskar lausnir eru ekki rétta leiðin og því þarf að kanna hvernig þessu málum er háttað annars staðar. Ef fordæmi er að finna og framkvæmd liggur fyrir þá er hægt að læra af þeirri reynslu og þar með stytta leiðina að settu marki.

#### Lokaorð

Eins og athugasemdir Viðskiptaráðs bera með sér þá er full ástæða til að endurskoða frumvarp þetta. Af þeim sökum er það tillaga ráðsins að Alþingi falli frá samþykki frumvarpsins og að ráðuneytið taki það aftur til gagngera endurbóta. Sé frestun af einhverjum ástæðum ekki talin möguleg þá hefur umsögn þessi að geyma ýmsar tillögur að breytingum sem ráðið vonast til að nefndin taki til alvarlegrar skoðunar.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga og hvetur til þess að ráðuneytið taki sér næga tíma í gagngera endurskoðun á ákvæðum þess.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs